



Skagafjörður


DEILISKIPULAG SAUÐÁRKRÓKSKIRKJUGARÐS

Skipulagsuppráttur og greinargerð



Skipulagsuppráttur m.kv. 1:700
Kortagrunnur Skagafjarðar: ISN93

10 50 100 m



VIÐFANGSEFNI

Deiliskipulag Sauðárkrókskirkjugarðs er sett fram í greinargerð þessari og skipulagsupprátti. Skipulagið var unnið á Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Forsendur og markmið

Sóknarnefnd Sauðárkróksóknar hefur óskað eftir stækkun núverandi kirkjugarðs til suðurs þar sem fyrirséð er að grafartækt svæði verði uppið innan fárra ára. Á sama tíma er ljóst að með uppbyggingu Sauðárkróks sem þéttbýlisstaðar er gerð aukin krafa á kirkjugarðinn og þjónustustig hans. Þá má búast við að greftrunarsíðir komi til með að taka töluræðum breytingum á komandi árum og er skipulaginu ætlað að koma til móts við það m.a. með því að ætla garðinum nægjanlegt svigrúm til uppbyggingar og þróunar til lengri tíma.

Markmið deiliskipulagsins er að setja fram skilmála um framtíðar uppbyggingu kirkjugarðsins og eru helstu viðfangsefni að skapa umgjörð fyrir trúariðkun, skilgreina grafreiti, gönguleiðir, aðkomu og bílastæði. Einnig eru skilgreindir byggingarreitir fyrir þjónustu- og áhaldahús, bænahús og samkomuhús.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er 5,4 hektarar að stærð og er staðsett á Nöfum þar sem er núverandi kirkjugarður, samkomuhús, malbikað bílastæði, geymsla og aðstaða fyrir tæki og búnað. Eftirfarandi lóðir eru innan skipulagssvæðis: Lóð á Nöfum 15 (L218110), Lóð á Nöfum 16 (L218111), Lóð á Nöfum 17 (L143943), Lóð á Nöfum 18 (L143941) og Lóð á Nöfum 55 (L143942). Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að sameinuð verði ein lóð fyrir kirkjugarðinn sem fylgir skipulagsmörkum.

Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035

Svæðið er á landnotkunarreit K401 í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að kirkjugarðurinn stækki til vesturs og heimild er fyrir uppbyggingu aðstöðu í tengslum við kirkjugarðinn með byggingarmagni allt að 1000 m². Suðurmörk skipulagssvæðisins liggja við landnotkunarreit AF401 fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði. Umhverfis skipulagssvæðið er útivistarsvæði OP404 með gönguleiðum. Samhlíða deiliskipulaginu er gerð breyting á aðalskipulagi þar sem landnotkunarreit K401 er stækkaður til suðurs, í samræmi við skipulagsmörkin, inn á reit AF401.

Deiliskipulag Gamla bæjarins

Innan skipulagssvæðis er að hluta í gildi deiliskipulag Gamla bæjarins á Sauðárkróki frá 1987. Samhlíða nýju skipulagi er gerður breytingaruppráttur á gildandi skipulagi þar sem umrætt svæði er fellt úr gildi.

DEILISKIPULAGSÁKVÆÐI

Grafreitir

Árleg þörf á grafreitum er um 30 grafir. Núverandi kirkjugarður er skipulagður fyrir um 130 grafir til viðbótar og verður þörf á stækkun eftir um 4 ár. Ný greftrunarsvæði kirkjugarðsins eru skipulögð fyrir um 1180 hefðbundnar grafir. Nýr í garðinum er gert ráð fyrir náttúrulegum garði með um 3600 duftreitum sem merktir verða í minningarreit og hnitsettir í tölvakerfi en engin minningarmörk verða sýnileg á yfirborðinu. Þessi hluti garðsins mun hafa yfirbragð skrudgarðar / minningarreitis. Í náttúrulega garðinum er t.d. hægt að gera ráð fyrir minningargarði fyrir öskudreifingu eða trjáland sbr. verkefnið Tré lífins. Jafnframt gefur skipulag garðsins í heild möguleika á afmörkun svæða fyrir önnur trúarbrögð. Grafstæði eru merkt 3,1x1,8 m að stærð á uppdrætti og grafstæði duftkera 0,75x0,75 m. Samtals gerir deiliskipulagið því ráð fyrir 4780 legstæðum og því getur kirkjugarðurinn þjónað sem aðalkirkjugarður Sauðárkróks a.m.k. út þessa öld. Hægt er að áfangaskipta uppbyggingu þannig garðurinn stækki með tímanum og í samræmi við greftrunarþörf og fólksfjölgun í samfélaginu. Uppbygging skal vera í samræmi við skilmála deiliskipulagsins, lög nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og gildandi reglur um umgengni í Sauðárkrókskirkjugarði.

Umgjörð, gatna- og stígakerfi

Aðkoma, bílastæði og stígakerfi

Núverandi aðkoma að lóð kirkjugarðsins frá Hlíðarstíg er áfram nýtt og var malbikuð sumarið 2022. Aðkomuvegur meðfram norður og austurhlíð garðsins liggur meðfram batratti hlíð og til að tryggja öryggi þarf að gera ráð fyrir viðeigandi ráðstöfunum svo sem með uppsetningu á vegriði eða sambærilegu í samræmi við veggþönnunarræglur Vegagerðarinnar. Við norðurmörk garðsins er gert ráð fyrir 19 bílastæðum og við núverandi samkomuhús er gert ráð fyrir 35 bílastæðum. Syðst í garðinum er skilgreint svæði með 21 bílastæðum. Gegnumakstur er um garðinn en hægt er að takmarka umferð í gegn með lokun við núverandi bílastæði. Gert er ráð fyrir að götur og bílastæði séu malbikuð. Í suðvesturhorni garðsins er gert ráð fyrir athafnasvæði sem skal girða af. Þar er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir vélar og tæki, jarðvegstípp og annarri viðeigandi aðstöðu.


Stígakerfi garðsins skiptir honum upp í grafarsvæði og eru stígar akfærir fyrir líkbíla og þjónustutæki. Umhverfis garðinn er 4 m breiður stígar sem tengist inn í garðinn með boga. Aðrir stígar eru 3 m breiðir. Yfirborðsefni stíga getur verið malbik, hellulögn eða mól. Stígakerfi garðsins tengist nærliggjandi stígum. Meðfram stígum skal koma fyrir lágstemmdri lýsingu sem styrkir upplifun gesta og bekkjum með reglulegu millibili svo gestir geti. Huga skal sérstaklega að skjól- og rýmismyndun með gróðri meðfram stígum og grafarsvæðum svo garðurinn fái náttúrulega ásjúnd. Á uppdrætti er sýnd leiðbeinandi staðsetning gróðurs.

Dvalarsvæði og umgjörð kirkjugarðsins

Við aðkomu að svæðinu skal koma fyrir bekkjum og upplýsingaskilti með korti af garðinum. Á skipulagsupprátti eru merkt inn dvalarsvæði viðs vegar í garðinum. Dvalarsvæðin tengjast stígakerfinu og gefa gestum kost á að staldra við, hugleiða og hvíla sig á kyrrlátum stað. Þar verða bekkir, gróður og kennileiti/listaverk sem tákni til minningar um látna ástvin. Við dvalarsvæðin skal gera ráð fyrir lágstemmdri lýsingu til að skapa aðdráttarafl allt árið um kring. Í náttúrugarðinum nýrst á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir gróðursetningu á trjá- og runnagróðri fyrir ofanvatnslausnir og svo garðurinn fái náttúrulega ásjúnd. Fyrir miðju svæðisins er gert ráð fyrir tjörn með brú yfir og lítilli eyju fyrir fuglalíf. Nálægð við vatn styrkir upplifun gesta af svæðinu og er gert ráð fyrir að garðurinn fái hlutverk almenningsgarðs og verði vinsælt útivistarsvæði þar sem hægt er að njóta í friðsæld.

SKÝRINGAR

- Skjulmörk / ný lóðarmörk
- Girðing
- Lóðarmörk
- Byggingar
- Opió svæði
- Stígar - akfærir
- Gata
- Bílastæði
- Greftrunarsvæði
- Grafreitir - leiðbeinandi
- Duftreitir - leiðbeinandi
- Byggingarreitir
- Skilmálar um byggingarreiti
- Tegund byggingar (ÁP, BH, S) og hæðir (L, II)
- Hámarks byggingarmagn | Hámarks þakþéð
- Vatn
- Trjá- og runnagróður - leiðbeinandi
- Dvalarsvæði
- Sálarhlíð
- Áhald- og þjónustuhús
- Bænahús
- Samkomuhús



Skipulagið sýnir staðsetningu og umfang tjarnarinnar. Gert er ráð fyrir að vatnið í henni verði grunnt eða um 30-50cm og með fullnægjandi undirlagi í botni og bökkum ásamt tjarnardúk svo ekki smitist vatn út fyrir tjarnarsvæðið. Uppbygging tjarnarinnar verður nánar útfærð á verkefningum þ.m.t. frágangur við tjarnarbakka, dýpt hennar, gróðurval og efnisnotkun. Afmörkun á nýjum hluta garðsins verður með girðingu sem skal vera í stíl við girðingu í eldri hluta garðsins. Á skipulagsupprátti er sýnd tillaga að staðsetningu á sálarhlíðum inn í garðinn. Sálarhlíð skulu vera í stíl við núverandi hlíð. Frágangur leiða og umgengni í Sauðárkrókskirkjugarði skal fylgja gildandi lögum og reglum.

Byggingarreitir

Ný lóð er skilgreind fyrir kirkjugarðinn sem fylgir skipulagsmörkum. Á skipulagsupprátti eru skilgreindir byggingarreitir innan lóðar skulu nýbyggingar rúmast innan þeirra. Þó mega þakbrúnir, svalir, stígar og stígapallar ná allt að 0,6 m út fyrir byggingarreit, þar sem aðstæður leyfa. Uppbygging skal vera í samræmi við byggingarreglugerð. Upplýsingar um hámarks byggingarmagn, hámarks þakþéð og tegund byggingar er merkt í táknlykli á uppdrætti. Gæta skal þess að byggingar hafi góð tengsl við útisvæði og huga að skjólmyndun við innganga og dvalarsvæði. Lögð er áhersla á vandaða hönnun, fjölbreytta byggingarstíla og að byggingar falli vel að svipmóti byggðar. Gert er ráð fyrir að innan byggingarreita verði byggður sá húsakostur sem þarf fyrir starfsemi kirkjugarðsins.

Við núverandi bílastæði er skilgreindur byggingarreitur utanum núverandi samkomuhús og stækkunarmöguleika þess. Tveir aðrir byggingarreitir eru skilgreindir fyrir þjónustu- og áhaldahús og er markmið með staðsetningu þeirra að við uppbyggingu þeirra myndi þorp í hjarta garðsins. Nýr stígar og garðinum er byggingarreitur fyrir bænahús með veggjum hlöðnum úr grjóti og torfi og með torfþekju á þaki í anda þeirra gömlu bænahúsa sem stóðu víða um land. Umhverfis bænahúsið er gert ráð fyrir hleðslugarði sem myndar hring.

Veitur

Gert er ráð fyrir að öll mannvirki og nýbyggingar tengist þeim veitukerfum sem fyrir eru á svæðinu og skal aðkoma veitufyrirtækja vegna eftirlits, viðhalds og endurnýjunar tryggð. Um fráveitumál gilda kröfur laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gera þarf viðeigandi ráðstafanir fyrir varnir gegn leysingarlöðum til að koma í veg fyrir skemmdir í kirkjugarðinum.

ÁHRIFAMAT

Í deiliskipulaginu verður ekki gert ráð fyrir matsskyldum framkvæmdum sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021. Lagt verður mat á áhrif stefnunnar á valda umhverfisþætti í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og 14. gr. laga nr. 111/2021. Lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa svo sem hvort þau séu talin jákvæð, neikvæð eða óveruleg.

Ekki liggur fyrir minjaskráning á skipulagssvæðinu og er vísað til 24. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 um ókunnar mínjar. Skipulagssvæðið er nálægt verndarsvæði í byggð fyrir gamla bæinn á Sauðárkróki. Skilmálar skipulagsins eru talin hafa óveruleg áhrif á mínjar. Í skipulaginu er sett fram framtíðarsýn um uppbyggingu kirkjugarðsins sem er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag og ásjúnd umhverfisins.

SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing var auglýst 1. júní 2022 og var aðgengileg í ráðhúsi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og heimasíðu þess www.skagafjorður.is. Frestur til að skila inn ábendingum um skipulagslýsingu var til 23. júní 2022. Umsagnir bárust frá eftirfarandi: Minjastofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, Vegagerðin og Skipulagsstofnun. Tekið var tillit til ábendinga við gerð skipulagstillögu.

Í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var tillaga á vinnslustigi kynnt fyrir sóknarnefnd Sauðárkrókskirkju og jafnframt var kynningarmyndband birt á heimasíðu sveitarfélagsins þann 19. desember 2022 til kynningar fyrir búum sveitarfélagsins. Gefinn var kostur til að senda inn athugasemdir um vinnslutilöguna til 9. janúar 2023. Ein athugasemd barst, einnig var umræða um málið á fésbóarsíðu sveitarfélagsins og Sauðárkrókskirkju þar sem frétt um málið var deilt. Að lokinni kynningu var tillagan lögð fyrir skipulagsnefnd og sveitarstjórn Skagafjarðar. Þá verður tillagan auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með sex vikna athugasemdafrest. Skipulagsnefnd mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær tilfelli til meiriháttar breytingar á tillögunni skal hún auglýst að nýju annars er tillagan send til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulagsstofnun fær þá samþykta tillögu senda til yfirferðar og að því loknu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. ákvæði 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____ til _____ var samþykkt í sveitarstjórn Skagafjarðar þann _____.

Sveitarstjórn Skagafjarðar

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.



Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 600 Akureyri
Heimasíða: tsnl.is



DEILISKIPULAG SAUÐÁRKRÓKSKIRKJUGARÐS

Skipulagsuppráttur og greinargerð **TILLAGA**

KVARDI A1 1:700 DAGS. 01/06/2023 SKIPULAG: ABÓ, AKG
VERKNR. DS2202 TEIKN nr. 1 Bt.